



# Fréttabréf Kjarasviðs

Sambands Íslenskra sveitarfélaga

2. tölublað - 1. árgangur 2010 - ábm.: Inga Rún Ólafsdóttir

## Samband Íslenskra sveitarfélaga verður aðili að Fræðslumiðstöð atvinnulífsins



Á aðalfundi Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins (FA) 6. maí sl. var samþykkt að BSRB, Samband Íslenskra sveitarfélaga og fjármálaráðuneytisins verði aðilar að félaginu, auk Alpýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins.

FA var stofnuð 2002 af ASÍ og SA og hefur starfað síðan 2003 á grundvelli þjónustusamnings við mennta- og menningarmálaráðuneytið. Markhópur starfseminnar er einkum fólk á vinnumarkaði, sem hefur ekki lokið námi frá framhaldsskóla.

FA hefur þróað sérstakar námsleiðir fyrir markhópinn og eru margar þeirra hannaðar að þörfum atvinnulífsins. Þessar námsleiðir hafa verið vottaðar til eininga á framhaldsskólastigi. Einnig hafa verið þróaðar aðferðir og tæki til raunfærnimats og náms- og starfsráðgjafar fyrir fólk á vinnumarkaði, auk ýmissa fleiri þróunarverkefni sem m.a. er ætlað að auka veg framhaldsfræðslunnar og gæði. Fræðslu- og símenntunarmiðstöðvar sem starfandi eru í öllum landshlutum eru helstu samstarfsaðilar FA.

### Stjórn fræðslumiðstöðvarinnar

Í nýrri stjórn Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins sitja: Halldór Grönvold, f.h. ASÍ (formaður stjórnar), Guðrún Eyjólfsdóttir, f.h. SA (varaformaður stjórnar), Atli Lýðsson, f.h. ASÍ, Árni Stefán Jónsson, f.h. BSRB, Finnbjörn A. Hermannsson, f.h. ASÍ, Guðmundur H. Guðmundsson, f.h. fjármálaráðuneytis, María Guðmundsdóttir, f.h. SA og Torfi Pálsson, f.h. SA. Varamenn eru Arna Jakobína Björnsdóttir, f.h. BSRB, Guðfinna Harðardóttir, f.h. Sambands Íslenskra sveitarfélaga, Ingibjörg R. Guðmundsdóttir, f.h. ASÍ og Jónína Gissurardóttir, f.h. SA.

# Vinnuskólinn í sumar 2010

Vegna vinnuskólans í sumar þurfa sveitarfélög að eiga samráð við hlutaðeigandi stéttarfélög sé ætlunin að bjóða ungmennum sem eru að klára grunnskóla nú í vor upp á vinnuskólastörf. Nýmæli þessa efnis kom inn í kjarasamninga aðila síðasta sumar, sjá t.d. gr. 1.4.4 í kjarasamningi LN og SGS.



Í tengslum við þetta samráð er því beint til sveitarfélaga að taka saman upplýsingar um fyrirkomulag vinnuskóla og framkvæmd hans sumarið 2010 sem séu stéttarfélagunum aðgengilegar. Þessar upplýsingar munu síðar nýtast samningsaðilum við að framfylgja bókun 5 með kjarasamningi um vinnuskóla en samkvæmt henni er ætlunin að kanna fyrirkomulag vinnuskóla og setja niður leiðbeinandi viðmiðunarreglur.

Fjallað var um þetta atriði á síðasta samstarfsnefndarfundum LN og SGS (26. fundi) sem og bókun með kjarasamningi um vinnuskóla. Í fundargerðina var eftirfarandi bókað:

*Með kjarasamningi undirrituðum í júní 2009 kom inn viðbót við greinina um nemendur í vinnuskóla. Tekið var af skarið með það að vinnuskólaákvæðið takmarkist við börn sem eru í fullu skyldunám, sjá skýringarkassa. Jafnframt var bætt við greinina ákvæði þess efnis að sveitarfélög geti boðið ungmennum sem ná 16 ára aldri á almanaksárinu, þ.e. sem hafa klárað skyldunám, störf sem vinnuskólanemendur að höfðu samráði við*

*hlutaðeigandi stéttarfélög. Þá kemur fram að til grundvallar nefndu samráði skuli liggja fyrir skrifleg áætlun um vinnuskólann þar sem fram komi helstu viðfangsefni, vinnutími og skipulag þjálfunar og fræðslu.*

*Þau sveitarfélög sem hyggjast starfrækja vinnuskóla fyrir nemendur sem hafa klárað grunnskóla þurfa samkvæmt framansögðu að eiga fyrst samráð við hlutaðeigandi stéttarfélög, bæði verkalyðsfélög og bæjarstarfsmannafélög.*

*Rétt er að geta þess að aðilar hafa ekki náð að taka saman leiðbeinandi viðmiðunarreglur um vinnuskóla eins og gert var ráð fyrir í bókun 5 með nefndum kjarasamningi. Vegna þessa er ekki hægt að gera þá kröfu að til grundvallar samráði sveitarfélaga við stéttarfélög vegna sumarsins 2010 sé skrifleg áætlun. Í tengslum við þetta samráð beinir samstarfsnefndin því til sveitarfélaga að taka saman upplýsingar um fyrirkomulag vinnuskóla og framkvæmd hans sumarið 2010, sem séu stéttarfélagunum aðgengilegar.*

## Fagreynsla í starfsgrein

Að gefnu tilefni er rétt að minna á að við túlkun á símenntunarkafli 10.2 í kjarasamningum LN og aðildarféлага BHM hefur afstaðan verið sú að meta beri námstíma eftir fyrstu háskólagráðu til „fagreynslu í starfsgrein“ og þar með til persónuálagsstiga. Vísast hér til 2. fundar samstarfsnefndar LN og aðildarféлага Huggarðs frá 22. júní 2006, sjá A lið.

Hér er einungis átt við framhaldsnám í hlutaðeigandi fagi eftir fyrstu háskólagráðu (BA eða BS), stundum kallað prófaldur. Í þessu sambandi þykir og rétt að gera þá kröfu að um eðlilega námsframvindu með tilliti til námskrár hafi verið að ræða. Hafi viðkomandi samhlíða framhaldsnáminu verið á launum í starfsgreininni þá leiðir það ekki til þess að umrætt tímabil hafi tvöfalt vægi.

## Þrjú stéttarfélög vísa málum sínum til ríkissáttasemjara

Kennarasamband Íslands hefur vísað málum sínum til ríkissáttasemjara vegna kennara og skólastjórnenda grunn-, leik- og tónlistarskóla. Einnig hafa Landssamband slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna og Félag íslenskra hljómlistarmanna vísað málum sínum til ríkissáttasemjara.

## Mannauðssjóður Samflots



Samþykkt hefur verið að setja á laggirnar Mannauðssjóð Samflots bæjarstarfsmannafélaga sem er ætlað að styrkja sveitarfélög í símenntunarmálum starfsmanna sinna.

Greiðslur launagreiðenda í sjóðinn munu miðast við 1. mars síðastliðinn og nema 0,3% af heildarlaunagreiðslum félagsmanna. Frekari upplýsingar um skil á greiðslum munu berast hlutaðeigandi launagreiðendum síðar en umsýsla með sjóðnum verður hjá Félagi opinberra starfsmanna á Vestfjörðum, Aðalstræti 24, 400 Ísafirði.

Mannauðssjóðurinn á sér ákveðna samsvörun við starfsmenntunarsjóði hliðstæðra félaga, þ.e. Mannauðssjóð KJALAR og Sveitamennt aðildarfélag SGS. Í þessa sjóði geta vinnuveitendur sótt styrki vegna kostnaðar við símenntun starfsmanna og atriðum þeim tengdum.

## Úthlutun úr Endurmenntunarsjóði grunnskóla 2010

Úthlutun úr Endurmenntunarsjóði grunnskóla 2010 er lokið. Alls bárust umsóknir um styrki til 208 verkefna upp á tæpar 76 millj. kr. Til úthlutunar voru tæplega 26 milljónir króna. Ákveðið var að veita styrki til 189 verkefna.



# Fundargerðir samstarfsnefnda

Á síðasta 240. fundi Launanefndar sveitarfélaga sem haldinn var þann 4. maí 2010 var m.a. rætt um stöðugleiksáttmálann sem og stöðu mála gagnvart Landssambandi slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna sem og KÍ vegna félaga þeirra í leikskóla, grunnskóla og tónlistarskóla.

Þá voru eftirfarandi fundargerðir samstarfsnefnda lagðar fram til kynningarm, smelltu á nafn stéttarfélags til að sjá fundargerðina.

- a) Félagsráðgjafafélag Íslands, 25. fundur haldinn 15.02.2010
- b) Þroskaþjálfafélag Íslands, 29. fundur haldinn 02.03.2010
- c) Félag grunnskólakennara, 15. fundur haldinn 04.03.2010
- d) Starfsmannafélag Kópavogs, 1. fundur haldinn 08.03.2010
- e) Verkalýðsfélagið Hlíf, 4. fundur haldinn 12.03.2010
- f) Samflot bæjarstarfsmannafélaga, 34. fundur haldinn 18.03.2010
- g) Huggarður, 11. fundur haldinn 06.04.2010
- h) Félag tónlistarkennara/FÍH, 43. fundur haldinn 07.04.2010
- i) Skólastjórafélag Íslands, 9. fundur haldinn 07.04.2010
- j) Starfsgreinasamband Íslands, 26. fundur haldinn 13.04.2010

Fjallað var sérstaklega um 1. lið 34. fundar samstarfsnefndar LN og Samflots bæjarstarfsmannafélaga frá 18. mars 2010 og hann samþykktur.

## Áhugavert efni tengt vinnumarkaðinum

Starfsfólk í leikskólum í desember 2009, frétt frá Hagstofunni

Starfsfólk í grunnskólum í desember 2009, frétt frá Hagstofunni

Fréttabréf stjórnenda ríkisstofnana 12. mars 2010, frá fjármálaráðuneytinu

Vinnumarkaðurinn 1991 – 2009 (atvinnuleysi), frétt frá Hagstofunni

Vinnumarkaður á 1. ársfjórðungi 2010 (atvinnuleysi), frétt frá Hagstofunni